

NORÐURLJÓŚ

Fréttabréf Norðuráls

4. tbl. 2013 • Ritstjórar: Sólveig Kr. Bergmann og Trausti Gylfason • Ábyrgð: Ágúst F. Hafberg

Ritnefnd: Aðalheiður Skarphéðinsdóttir, Ása Birna Viðarsdóttir, Bjarni Ingi Björnsson, Sigurður Amar Árnason, Sverrir Þór Guðmundsson og Steinunn Kr. Pétursdóttir. Myndir: Ása Birna Viðarsdóttir o.fl.



Fyrsti útskriftarhópurinn frá Stóriðjuskóla Norðuráls

Það var hátíðleg stund þegar þrjátíu og einn nemandi útskrifaðist frá Stóriðjuskóla Norðuráls

2.maí. Þetta er fyrsti útskriftarárgangur skólans og því um að ræða brautryðjendur sem tóku við viðurkenningu

í skreyttu og fánum prýddu Búrfelli.

Sjá bls. 8-9

Norðurál
15 ára

Þér og þínum er boðið á glæsilegan fjölskyldudag á Grundartanga 25. maí.

Veisla fyrir alla fjölskylduna

Taktu daginn frá!



Aftari röð frá vinstri: Þórður Sveinsson, Björn Árnason, Krzysztof Jadwizyc, Magnús Magnússon, Davíð Kristjánsson, Jaroslaw Grzegorz Sledz, Ole Jakob Volden, Finnur Guðni Þórðarson, Hjálmtýr Unnar Guðmundsson, Sigurður Gunnarsson, Wojciech Koziol, Kristján Már Hannibalsson. Fremri röð frá vinstri: Fjalar Ríkarðsson, Garðar Guðlaugur Garðarsson, Valentine Simire, Guðmundur S. Sveinsson, Gunnar Sigurðsson, Jón Óskar Ásmundsson

Sjö ár án fjarveruslysa!

Í lok aprílmánaðar náðu starfsmenn í Kersmiðju þeim frábæra áfanga að vera án fjarveruslysa samfleytt í 2.555 daga eða í sjö ár. Í vinnustund-

um erum við að tala um samtals 256.776 starfsstundir. Þess má geta að komin eru samfleytt sex ár án skráningarskyldra slysa hjá þessum starfsmönnum, sem

fóðruðu 111 ker á árinu 2012. Starfsmönnum í Kersmiðju óskum við innilega til hamingju með þennan frábæra árangur.

Viðurkenning fyrir öryggiskynningu

Hluti af námi nemenda í Stóriðjuskóli Norðurlands sl. vetur var m.a. tölvunotkun. Í lokaverkefni áfangans áttu nemendur að semja kynningu á öryggisatriðum í Power Point forritinu. Kynningarverkefni nemenda voru lögð fyrir dómnefnd sem var skipuð starfsmönnum úr öryggiseild auk kennarans, Harðar Baldvinssonar. Dómnefndin



Harpa Dröfn Skúladóttir, starfsmaður á A-vakt í kerskála.

komst einróma að þeirri niðurstöðu að veita Hörpu Dröfn Skúladóttur viðurkenningu fyrir bestu kynninguna. Verkefnið var vel upp byggt og framsetning öryggisskilaboða skýr. Í kynningunni kemur fram hvaða persónuhlífum starfsmaður í kerskála þarf að búast áður en fengist er við bráðinn málm. Við brautskráningu nemenda Stóriðjuskólans 2. maí sl. var Hörpu veitt viðurkenning fyrir góðan árangur. Öryggiskynningin verður í framtíðinni notuð við nýliðafræðslu hjá Norðurlandi. Vel gert Harpa!

HÁDEGISFYRIRLESTRAR Í MAÍ - Búrfelli

Í maí fáum við athyglisverðan fyrirlestur frá Jóni Arnari Magnússyni, ólympíufara í tugþraut, og einum ástsælasta íþróttamanni þjóðarinnar.

13.maí
15.maí
17.maí
21.maí
Kl. 12:00 – 12:30 og 12:45 – 13:15

Frjálsíþróttamaðurinn Jón Arnar Magnússon telur að sjálfsöfnæmi sem hann fékk megi rekja til þess hversu snögglega hann hætti æfingum. Ofnæmið varð til þess að þessi fyrrum há- og skeggprúði maður missti hvert einasta hár.



Vorið er komið hjá Norðuráli

Vorið brast á með látum í síðustu viku með sól og blíðu. Fuglasöngur varð allsráðandi á Grundartanga og virkilega skemmtilegt að mæta til vinnu á morgnanna. Loftið ómaði af fuglasöng. Úr fjörunni barst söngur tjaldsins þegar gengið var frá bílastæðunum að baðhúsinu. Tilhugalíf fuglanna er í hámarki gangi með látbragði sem því fylgir þegar karlkynið er að reyna að ganga í augun á kvenkyninu. Ýmsar fuglategundir verpa á athafnasvæði Norðuráls. Þekkt eru „tjaldsvæðin“ á austursvæðinu þar sem nokkur tjaldapör verpa á hverju ári, sandlóan verpir alveg upp við kerskálana og í fjölda ára hefur maríuerlupar átt hreiður vestan við skautsmiðjuna og hefur komið upp fjölda unga.

Í ár bættist við enn ein fuglategundin í safnið hjá okkur þegar hrafnspær gerði sér laup (hreiður) á afviknum stað á verksmiðjulóðinni. Laupur hrafnspærs er merkilega saman settur. Auk trjágreina og sinustráa er þar að finna ull, bandspotta, rafmagnsvír af mismunandi lit, plastbönd, dragbönd, ýmislegt glingur - öllu afar haganlega komið fyrir. Síðast



Laupur hrafnspærs er afar vel gerður.

en ekki síst voru í hreiðrinu þrjú egg, ekki ýkja stór miðað við stærð fuglsins.

Samkvæmt Íslenskri orðabók getur laupur þýtt eftirfarandi: Meis (rimlakassi sem í er sett hey fyrir gripi),

kláfur, áburðarkassi, mælieining, mæliker, hrafnshreiður, gamall og slitinn hlutur, óáreiðanlegur maður, viðarstaflur.

Trausti Gylfason



Fuglar sem koma upp ungum á hverju ári á athafnasvæði Norðuráls. Frá vinstri sandlóa, maríuerla og tjaldur.

Nokkur orð frá framkvæmdastjóra

Kæra samstarfsfólk!

Þau ánægjulegu tíðindi voru send út í byrjun mánaðarins að starfsmenn kersmiðju hefðu náð þeim áfanga að vera án fjarveruslysa í sjö ár. Að auki má geta þess að komin eru sex ár samfleytt án skráningarskyldra slysa hjá þessum starfsmönnum. Ég vil hér með óska öllu kersmiðjufólkinu okkar innilega til hamingju með þennan frábæra árangur.

Reksturinn gekk mjög vel í apríl. Framleiðslan var umfram áætlun eins og hún hefur verið það sem af er ári. Reglubundið viðhald afriðla fyrir kerlinu 1 hófst í apríl og gengur samkvæmt áætlun.

Þá lofar rekstur tilraunakera neðst í D skála góðu, en þar standa yfir prófanir með forskaut sem hafa stærri tinda.

Öruggt atferli hefur gengið vel í vetur og er ég þakklátur öllum þeim sem hafa lagt

því lið. Nú er verið að undirbúa ráðningu sumarafleysingafólks til að tryggja snurðulausan rekstur í sumar. Í haust verða nýir þátttakendur í kjarnateymum þjálfaðir.

Opinn umhverfisdagur var haldinn að Hótel Glym í apríl þar sem kynntar voru niðurstöður umhverfisvöktunar á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga. Helstu niðurstöðurnar eru að öll losun frá Norðuráli er vel innan settra marka samkvæmt starfsleyfi. Áhrif iðnaðarsvæðisins á gróður og búfé í nágrenninu eru hverfandi. Við mörk þynningarsvæðisins þar sem þau eru næst iðnaðarsvæðinu fer sólarhringsmeðaltal brennisteinstvíoxíðs yfir mörk 15 sinnum á ári en leyfilegt er að fara yfir þau mörk sjö sinnum samkvæmt reglugerð. Þetta er áhyggjuefni og er unnið með Elkem að tillögum um hvernig hægt sé að bregð-

ast við þessu. Ítarlegri upplýsingar er að finna á heimasíðu Norðuráls, nordural.is en einnig verða haldnir upplýsingafundir fyrir starfsmenn um niðurstöðurnar í maímánuði.

Það líður að fimmtán ára afmæli Norðuráls og ber Fjölskyldudagur Norðuráls í ár þess merki. Hann verður haldinn hátíðlegur 25. maí hér á Grundartanga. Mikið verður um að vera á svæðinu en tjaldbúðum og sviði verður slegið upp á bílastæði verksmiðjunnar. Þar fara fram tónleikar, veitingar verða í boði, hestaferðir fyrir ungviðið, kynningarferðir um verksmiðjuna auk fjölda annarra viðburða. Ég hvet alla starfsmenn Norðuráls og fjölskyldur þeirra til að notfæra sér þetta tækifæri og njóta alls þess sem í boði verður.

Gunnar Guðlaugsson

GÆÐASTEFNA

Norðurál framleiðir ál samkvæmt þörfum viðskiptavina á ábyrgan, öruggan og samkeppnisfæran hátt. Gæðastjórnunarkerfi Norðuráls er reglulega rýmt og endurbætt. Norðurál leggur áherslu á gæðavitund starfsmanna og að þeir taki virkan þátt í stöðugum umbótum. Norðurál er ábyrgur þegn í samfélaginu og uppfyllir lög og reglur sem snúa að starfsemi fyrirtækisins.

Gæðamarkmið Norðuráls eru:



Ánægðir viðskiptavinir

Aukin hagkvæmni

Virkt gæðastjórnunarkerfi



ÖRYGGIS- OG HEILBRIGÐISSTEFNA

Norðurál hefur öryggi og heilbrigði fólks í fyrirrúmi. Norðurál leggur áherslu á virkan þátt starfsmanna í forvörnum og stöðugum umbótum. Norðurál stuðlar að aukinni öryggis- og heilbrigðisvitund með fræðslu og þjálfun. Norðurál uppfyllir lög og reglur um öryggis- og heilbrigðismál.

Öryggis- og heilbrigðismarkmið Norðuráls eru:



Að vera öruggur vinnustaður

Aukin þátttaka starfsmanna í forvörnum


Að vernda heilsu starfsmanna



UMHVERFISSTEFNA

Norðurál framleiðir ál á umhverfisvænan hátt og leggur áherslu á að starfsemi fyrirtækisins sé í sátt við umhverfið. Stöðugt er unnið að lágmarkun umhverfisáhrifa ásamt ábyrgri nýtingu orku og hráefna. Norðurál stuðlar að aukinni umhverfisvitund og þátttöku starfsmanna í stöðugum umbótum. Norðurál uppfyllir þær kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum og reglum um umhverfismál.

Umhverfismarkmið Norðuráls eru:



Lágmarkun losunar út í andrúmsloft

Aukin þekking starfsmanna á umhverfisáhrifum

Aukin endurnýting og ábyrg forgun



Gæði, umhverfi og öryggi

Gæðastefna, Umhverfisstefna og Öryggis- og heilbrigðisstefna Norðuráls hafa verið uppfærðar. Á síðasta ári fékk Norðurál vottun á gæðastjórnunarkerfi samkvæmt ISO 9001 staðlinum. Á þessu ári er unnið

að vottun á umhverfisstjórnun fyrirtækisins samkvæmt ISO 14001 og öryggis- og heilbrigðisstjórnun samkvæmt OHSAS 18001. Uppfærðar stefnur er einn liður í því ferli.

Starfsmenn eru hvattir til að kynna sér stefnurnar. Auk birtinga í Norðurljósum má finna þær á innraneti, á vegg í Baðhúsinu og einnig eru þær kynntar á upplýsingaskjáum víðsvegar um fyrirtækið.

Ný stjórn Starfsmannafélags Norðuráls hefur verið kosin og tekur formlega við á aðalfundi STNA í lok þessa mánaðar.



Ný stjórn STNA

Arna Björk Árnadóttir - Ása Birna Viðarsdóttir - Guðrún Hjaltalín Guðjónsdóttir
Guðmundur Valgeirsson - Valdimar Magnússon


GÆÐASTEFNA

Norðurál framleiðir ál samkvæmt þörfum viðskiptavina á ábyrgan, öruggan og samkeppnisfæran hátt. Gæðastjórnunarkerfi Norðuráls er reglulega rýnt og endurbætt. Norðurál leggur áherslu á gæðavitund starfsmanna og að þeir taki virkan þátt í stöðugum umbótum. Norðurál er ábyrgur þegn í samfélaginu og uppfyllir lög og reglur sem snúa að starfsemi fyrirtækisins.


Gæðamarkmið Norðuráls eru:



Ánægðir viðskiptavinir



Aukin hagkvæmni



Virkt gæðastjórnunarkerfi



Hópurinn tilbúinn í skoðunarferð um álverið.

Útskriftarferð Stóriðjuskólans

Mánudagsmorguninn 22. apríl sl. lagði föngulegur hópur útskriftarnema og fylgifiska þeirra af stað í útskriftarferðalag í tilefni brautskráningarinnar.

Flogið var austur á Egilsstaði, þar sem rúta beið hópsins og flutti hann á Hótel Hérað. Þar bókaði fólk sig inn á herbergi og skildi eftir farangurinn. Meðan beiðið var eftir rútu sem flytja átti hópinn í álver Alcoa á Reyðarfirði fengu einhverjir sér göngutúr um Egilsstaði, sumir höfðu aldrei komið þar áður.

Í álverinu var vel tekið á móti hópnum. Byrjað var á að hlusta á fróðlegan fyrirlestur um upphaf álframleiðslu í heiminum og voru sýndar myndir af fyrstu kerunum sem notuð voru. Óhætt er að segja að margt hafi breyst til hins betra á þeim tíma sem liðinn er frá því að systkinin Charles og Julia Hall fundu aðferð til að rafgreina súrál og þannig leið til að framleiða hið eftirsóknarverða ál. Þá var starfsemi Stóriðjuskóla Fjarðaáls kynnt, en hann hóf starfsemi sína haustið 2011. Austfirðingar eru því einni önn á undan okkur og þeir hófu framhaldsnám í upphafi árs 2013.

Eftir þessa fræðslu var hádegisverður snæddur í glæsilegu mótuneyti Fjarðaáls og því næst farin kynningarferð um verksmiðjuna undir leiðsögn tveggja starfsmanna Alcoa. Hátt er til lofts og vítt til veggja í álverinu öllu. Ýmislegt fróðlegt sáum við, s.s. kerbrotasmíðjuna sem Alcoa hefur nýlega tekið í notkun og í kerskál-anum sáum við skautbrúarlyftu sem losar skautklemmur sjálf. Við fylgdumst með skautskiptum en þar eru bæði skautbakkar og raflausnabakkar lokaðir og kranatæknin er annarskonar en hjá okkur.

Margt annað fróðlegt var þarna að sjá, því að þótt Alcoa og Norðurál framleiði bæði



Ekið inn göngin í stöðinni.



Kerfóðrun.



Kerskáli.



Fljótsdalsstöð.

ál, þá er tækjabúnaður töluvert ólíkur hjá fyrirtækjunum.

Að kynningunni lokinni var okkur vísað inn í fundarherbergi að nýju þar sem nemendur Stóriðjuskóla Alcoa biðu okkar og var gaman að hitta samnemendur og skiptast á skoðunum við þá sem vinna samskonar störf við aðrar aðstæður.

Morguninn eftir var farið í Fljótsdalsstöð, sem sér álveri Alcoa fyrir raforku til álframleiðslunnar. Ekið var inn í stöðina, sem er staðsett inni í Valbjófsstaðafjalli.

Í virkjuninni er fallhæð vatnsins á hinn löngu leið frá lónunum á hálendinu að inn-

taki stöðvarinnar um 200 m. Tveir þriðju hlutar heildarfallhæðarinnar eru í um 400 m háum nánast lóðréttum fallgöngum við Fljótsdalsstöð. Samanlögð fallhæð vatnsins er því yfir 600 m. Í stöðvarhúsinu knýr vatnið sex öfluga hverfla og rennur svo um frárennslisgöng og skurð út í Jökulsá í Fljótsdal austur undan Valbjófsstað í 26 m hæð yfir sjávarmáli. Stöðvarhúsið er staðsett neðanjarðar, inni í Valbjófsstaðafjalli og er aðkoma að því um sérstök 800 m löng aðkomugöng. Rafmagn er leitt frá stöðinni um sérstök strengjagöng að tengivirkishúsi inni í Fljótsdal og þaðan um háspennulínur Landsnets að álveri Alcoa á Reyðarfirði.

Síðar þennan sama dag var flogið aftur heim. Það var álit allra að ferðin hafi verið mjög gagnleg og jafnframt hin prýðilegasta skemmtun.

Sigurður Oddsson

Fyrsta flokks árangur

Iðjuverin á Grundartanga stóðu fyrir opnum kynningarfundum um umhverfismál á Hótel Glym í apríl. Á fundinum voru niðurstöður umhverfsvöktunarinnar fyrir árið 2012 kynntar. Rúmlega sextíu manns mættu á fundinn og greinilegt að málefnið skiptir nágranna iðjuveranna miklu máli.

Norðurál og Elkem hafa staðið sam-eiginlega að umhverfsvöktun í grennd við iðnaðarsvæðið síðan 1999. Tilgangurinn er að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Mælingar eru gerðar á andrúmslofti, árvötnum, gróðri, mosum, fléttum, heyi, grasbítum, lífríki sjávar og sjó við flæðigryfjur. Mismunandi er hversu oft mælingar fara fram eða allt frá daglegum mælingum til mælinga að vori og hausti.

Faxaflóahafnir sf ákvað í vetur að fela starfshópi þriggja sérfræðinga að fara yfir



brugðust við þessu fráviki á seinasta ári með því að láta endurgera dreifingarlíkan fyrir dreifingu brennisteinstvíoxíðs fyrir svæðið. Næstu skref verða síðan ákveðin í kjölfar þess að líkanið liggur fyrir og þá

ákveðið til hvað viðbragða verðu gripið.

Ekki eru skilgreind viðmiðunarmörk í reglugerðum og starfsleyfum fyrir gróður, grasbíta né úrkomu. Meðalstyrkur flúors í kjálkabeinum sauðfjár hefur hækkað frá 1997 en hins vegar er ekki greinilegt samband á milli tannheilsu sláturfjár og styrk flúors í kjálkabeinum. Auk þess voru áhrif flúors ekki greinanleg á tönnum eða liðum lifandi sauðfjár og hrossa. Styrkur flúors mældist í öllum tilvikum undir þolmörkum gróðurs. Norðurál vill þekkja betur tengsl flúorsstöðu í sauðfé við heilsu þess og hefur fengið Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri til að gera rannsókn á flúor í búfénaði. Þetta er þriggja ára verkefni sem hófst á seinasta ári. Niðurstaðna er því að vænta árið 2014.

Af þessu má ráða að umhverfisáhrifin sem verða við framleiðslu Norðuráls á Grundartanga valda ekki skaðlegu álagi í grennd við iðnaðarsvæðið. Það er þátttaka starfsmanna í stöðugum umbótum og ábyrgum rekstri sem stuðlar að lágmarkun umhverfisáhrifa og af því getum við öll verið stolt.


Steinnur Dögg Steinsen



stöðu mála og meta þær mælingar sem gerðar hafa verið á svæðinu. Þeirra niðurstöður staðfesta og sýna að umhverfsvöktunin gefur skýra mynd af umhverfisáhrifum á svæðinu. Hún er hlutlaus, unnin í samræmi við alþjóðlega staðla, framkvæmdar af sérfræðingum með þekkingu og reynslu og niðurstöður þeirra eru túlkadur af óháðum sérfræðingum.

Vöktunarstaði árið 2012 má sjá í mynd, en skýrslur Umhverfsvöktunar má finna á heimasíðu Norðuráls (www.nordural.is) undir flípa merktum Umhverfið.

Niðurstöður vöktunar árið 2012 fyrir loftgæði, árvötn, hey og flæðigryfjur leiða í ljós að öll viðmiðunarmörk sem sett eru í starfsleyfum og reglugerðum eru uppfyllt í öllum tilvikum nema einu. Sólarhringsmeðalstyrkur brennisteinstvíoxíðs fór 15 sinnum yfir gróðurverndarmörk og lægri heilsuverndarmörk, en leyfilegt er að fara yfir þau mörk sjó sinnum árlega. Iðjuverin



Fyrsta útskrift Stóriðjuskóla Norðurláls

Það var hátíðleg stund þegar þrjátíu og einn nemandi útskrifaðist frá Stóriðjuskóla Norðurláls 2.mái. Þetta er fyrsti útskriftarárgangur skólans og því um að ræða brautryðjendur sem tóku við viðurkenningarskjalinu í Búrfelli.

Marmið skólans er að auka færni og þekkingu nemenda á lykilferlum við örugga og hagkvæma framleiðslu á áli og bæta þannig árangur í rekstri.

„Með aukinni þekkingu starfsmanna stuðlum við að gagnkvæmum skilningi á störfum hvers annars, bættri stjórnun og öruggara vinnuumhverfi. Það stuðlar líka að auknum samskiptum og samvinnu á milli vinnuhópa og svæða innan álfersins. En það er ekki bara Norðurlál sem styrkist við Stóriðjuskólann, það á ekki síður við nemendur. Það að hafa lokið Stóriðjuskólanum gerir starfsmenn færari um að taka að sér aukna ábyrgð innan fyrirtækisins og opnar þannig ný tækifæri fyrir fólk. Einnig hef ég trú á því að Stóriðjuskólinn efli fólk sjálfstraust til að afla sér frekari náms á eigin forsendum,“ sagði Gunnar Guðlaugsson, framkvæmda-

stjóri Norðurláls á Grundartanga í ávarpi. Hlynur Aðalsteinn Gíslason flutti ræðu fyrir hönd útskriftarnema þar sem hann fjallaði um þær áskoranir sem nemendur stóðu frammi fyrir eftir að hafa verið fjarri námi í



mislangan tíma, en með samstilltu átaki, einbeittum vilja og mikilli þolinmæði kennara varð raunin sú að allir stóðust þær kröfur

sem gerðar voru til nemenda og útskrifuðust þau því öll.

Harpa Dröfn Skúladóttir fékk verðlaun fyrir besta verkefnið í náminu og Jón Gunnar Kristinsson fékk verðlaun fyrir mestu framfarirnar í náminu. Þau fengu bókina „Ströndin í náttúru Íslands“. Þá voru níu nemendur með 100% mætingu og fengu í verðlaun ljósmyndabókina „Ísland í allri sinni dýrð“.

Norðurlál gerði samning við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi og Fjölbautarskóla Vesturlands um námið, en auk þess koma sérfræðingar frá Norðurláli að kennslunni. „Þetta verkefni er gott dæmi um hvernig má brúa bilið á milli menntastofnana og atvinnulífsins á svæðinu,“ sagði Inga Dóra Halldórsdóttir, verkefnisstjóri Stóriðjuskólans og framkvæmdastjóri Símenntunar á Vesturlandi.

Mikill áhugi er á náminu meðal starfsmanna Norðurláls og stefnt er að því að bjóða upp á framhaldsnám við Stóriðjuskólann haustið 2013, til viðbótar við grunnnámið. Opnað verður fyrir umsóknir um skólavist þann 15.mái á Innranetinu.

Á Íslandi er stóriðjan öflug og flott þar auka menn drjúgum við gjalddeyrispott. Bræðslu og kerfóðrun kunna með glans og í kerfinu öllu er aldrei neinn stans.

Um námstækni og samskipti, tölvur og tól, við töluvert lærðum og fengum því hól. Öryggi, heilbrigði og umhverfismál sér allir nú tileinka aflífi og sál.

Rafefnafræðin mun reynast hér vel og rafgreining líka, það fullvíst ég tel. Umbætur verkferla vandaðar sjást og víst má að framleiðslustýringu dást.

Um veitur og kerfi nú vitum við flest og vönduð er loftstýring, hollust og best. Viðhaldið framleiðnistjórnað og stýrt stöðugan hagnaðinn varla fær rýrt.

Unnur Halldórsdóttir orti og flutti við útskrift Stóriðjuskóla Norðurláls.



Útskriftarnemar vorið 2013

Aðalsteinn Hafsteinsson
Arunas Bagocius
Árni Magnús Björnsson
Bjarki Georgsson
Bjarni Ólafsson
Finnbogi Ástvaldur Jörgensson
Garðar Guðlaugur Garðarsson
Gísli Þór Aðalsteinsson
Guðjón Björgvinsson
Gunnar Bjarnason
Gunnar Jóhannes Scott
Halldór Ólafsson
Halldór Ólafsson
Harpa Dröfn Skúladóttir
Hlynur Aðalsteinn Gíslason
Hólmar Eyfjörð Hreggviðsson

Jakob Sigurðsson
Jón Gunnar Kristinsson
Konráð Jóhann Brynjarsson
Kristmundur Einarsson
Ottó Guðmundur Þrastarson
Ólafur Þór Þórisson
Ragnar Jón Ólafsson
Sigurður Oddsson
Sigurður Óskar Guðmundsson
Sigþór Ingi Hreiðarsson
Sindri Freyr Sigurgíslason
Sveinn Bjarni Magnússon
Sæunn Kolbrún Guðmundsdóttir
Þorsteinn Sigurður Kristinsson
Þröstur Vilhjálmsson



Frá vinstri: Signý Jóhannesdóttir formaður Séttafélags Vesturlands, Laufey Jóhannsdóttir sveitastjóri Hvalfjarðarsveitar, Gunnar Guðlaugsson og Inga Dóra Halldórsdóttir framkvæmdastjóri Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands



Frá vinstri: Bjarni Ólafsson, Þorsteinn Sigurður Kristinsson og Vilhjálmur Birgisson formaður Verkalýðsfélags Akraness



Hlynur Gíslason nýnemi flytur ræðu fyrir hönd nemenda



Þorsteinn Sigurður Kristinsson og Einar Friðgeir Björnsson skeggræða um hlutina



Frá vinstri: Gauti Höskuldsson, Harpa Dröfn Skúladóttir, Hlynur Gíslason, Finnbogi Ástvaldur Jörgensson og Halldór Ólafsson



Gestum var boðið upp á góðar veitingar að lokinni útskriftinni

Spurning dagsins

Hvað ætla þú að gera í sumar?

Hvernig gengur öruggt atferli í þinni deild?



Hrólfrur Borgarson, kerskáli D-vakt

Slappa af, vinna í garðinum og jeppanum.



Ingimundur Pétur Guðnason, kerskáli D-vakt

„Chilla“ og hafa það huggulegt.




Sigurður Ó Guðmundsson, kerskáli D-vakt

Ferðast um landið með skuldaþalann.



Arna Dan Guðmundsdóttir, kerskáli D-vakt

Sem allra minnst.



Róbert Ólafsson, faratækjaverkstæði.

Vera með fjölskyldunni og fara á hestbak.



Bjarki Þór Hafsteinsson, skautsmiðja. Það gengur vel í skautsmiðjunni. Við Guðjón erum með okkar verkefni í hlöðunni og það gengur vel.



Örnólfur Þorleifsson, rafvirki á A verkstæði. Framúrskarnandi vel. Það var fögnuður í síðustu viku og í þessari viku erum við að byrja á tveimur nýjum verkefnum.



Ásmundur Jónsson, verkfræðideild. Ágætlega, þetta er svolítið öðruvísi hjá okkur og getur verið snúið þar sem við erum stuðningshópur við öruggt atferli. Mér finnst við ekki allveg vera með 100% skor en við höldum ótraud áfram.



Magnús Már Haraldsson, kranaverkstæði. Það gengur vel, þrjú verkefni

á áætlun. Vorum að fagna einu verkefni sem snýr að töflu sem við notum til að merkja okkur inn á þegar við erum að vinna í krönum inni á verkstæði. Við vorum ánægð með það.



Mátus Lúðvík Heiðarsson, verkvirki. Vel, það eru fögnuðir af og til sem gerir þetta svo skemmtilegt. Við höldum ótraud áfram.

Axel Freyr Eiríksson og Engilbert Svavarsson D-vakt, steypuskála. Það gengur vel. Þrjú verkefni í gangi. Við vorum síðast með fögnuð í febrúar en það er að stytast í við náum einu. Verkefni eru ekki ekki af auðveldara taginu hjá okkur.



Ingólfur Jörgenson D-vakt kerskála. Það gengur vel hjá okkur í C og D skála. Við náðum fyrir nokkru slæðunni í skautskiptum og á síðustu törn náðum við 21 degi samfelld hvað varðar símanotkun þegar verið er að keyra lyftara. Það verður því fögnuður hjá okkur á mánudagskvöld!

Hver er?

Nafn: Agnes Ástvaldsdóttir

Starf: Verkefnastjóri fjárfestingaverkefna á Umhverfis- og Verkfræði-sviði

Fæðingarstaður, dagur: Ég fæddist í Reykjavík þann 16 febrúar 1976. Fjölskylduhagir: Ég er gift honum Kalla mínum og saman eigum við Elmu Lind 9 ára og Kristófer Mána 7 ára.

Hvenær byrjaðir þú hjá Norðuráli? Í ágúst 2012

Það skemmtilegasta fyrir utan vinnuna? Hitta skemmtilegt fólk, borða góðan mat og stunda útivist.

Aðaláhugamálið? Skíði og útivera

Uppáhalds matur? Rjúpur

Uppáhalds drykkur? Kaffi

Ertu hjátrúafull/ur? Nei

Hvaða persónu í mannkynssögunni vildir þú helst hitta? Ég hefði alveg verið til í að hitta mann eins og Steve Jobs sem var mikill frumkvöðull í eðli sínu og hugsaði alltaf út fyrir kassann.

Uppáhalds sjónvarpsefni? Borgen (Höllin)

Besta bókin sem þú hefur lesið? Englar Alheimsins

Hvaða hljómsveit eða söngvara heldur þú mest upp á? Eins og er þá er Ásgeir Trausti reglulega settur í spilarann en annars finnst mér frú Billy Holliday alltaf jafn góð.

Uppáhalds íþrótt eða hreyfing? Skíði, fjallganga og hlaup.

Lýstu þér í þremur orðum? Gláðlynd, vinnusöm og þrautseig.



Fallegasti staður á Íslandi? Seyðisfjörður

Til hvaða lands langar þig mest að ferðast? Í augnablikinu er hið ástkæra efst í huga, eftir 15 ára sult frá fjöllum og hrárrí náttúrunni.

Framtíðarlön? Vera hamingjusöm og njóta þess að vera til.

Öruggt atferli

...í útrás

Um miðjan apríl fóru þrír starfsmenn Norðuráls á Grundartanga í viking til Bandaríkjanna, nánar tiltekið til Hawesville í Kentucky, en þar starfrækir Century álverk-smiðju. Ferðalangar voru þeir Halldór Ólafsson úr skaut-smiðjunni, Heiðar Ingi Marinósson af B-vakt í kerskála og Trausti Gylfason öryggis-stjóri. Tilgangur ferðarinnar var að kynna starfsmönnum og stjórnendum þar ytra öruggt atferli og segja frá áhrifum þess á öryggismál hjá Norðuráli. Hópurinn átti mjög góðan fund með starfsmönnum öryggisviðs í Hawesville ásamt yfirstjórn fyrirtækisins. Kom fram hjá stjórnendum að stefnt er að innleiðingu á öruggu atferli í lok þessa árs.

Þá er einnig ráðgerð innleiðing á öruggu atferli í rafskauta-verksmiðju Centurys í Vliss-

ingen í Hollandi og gangsett verður síðar á árinu. Innleiðingin verður í samvinnu við öryggisdeild Norðuráls.

...næstu skref

Þessa dagana er verið að undirbúa öruggt atferli fyrir sumarið. Starfsmenn af öryggisviði munu í maí halda fundi með öllum stjórnendum, þ.e. vaktstjórum/formönnum, liðstjórum ásamt stuðningsfulltrúa á hverri vakt/hverju verkstæði, til að undirbúa sumarið sem best og koma í veg fyrir að öruggt atferli missi flugið. Eins verða kallaðir á þessa fundi afleysingaliðstjórar svo að þeir þekki sitt hlutverk þegar kemur að því að leysa af. Sum svæðin eru stór og mikilvægt að stjórnendur séu með hlutverk sitt á hreinu. Þrír þjálfunardagar verða haldnir, 23. og 28. maí og 7. júní, í Gamla kaupfélaginu fyrir sumaraf-




Halldór Heiðar og Halldór (með gula hjálma) ásamt hafnarstarfsmönnum Hawesville en höfnin er við ána Ohio. Áin er notuð sem flutningsleið bæði fyrir súrál og kol. Talið frá vinstri: Ryan Singleton, Scott Jarboe, Heiðar, Greg Roac, Jim Willamsson, Halldór, Jerry Emmic og John Beaver


leysingamenn sem koma aftur til okkar. Þessum hópi er ætlað að fylla í skörðin þegar fastir starfsmenn fara í sumarleyfi.

Allt þetta er gert til að tryggja að sumarstarfsmenn séu munstraðir inn í kjarna-

teymin formlega, tryggja að ritari og annar til vara séu í hverju kjarnateymi í sumar og ekki síst að stuðningsfulltrúar og stjórnendur styðji við bakið á kjarnateyminum á sínum svæðum.



Ef lítið er á hallatölu línuritsins fyrir öryggisvísitöluna kemur glögglega í ljós áhrif öruggs atferlis en innleiðing á ferlinu hófst síðla árs 2011.



Í lok apríl sl. höfðu 292 atriði hafa verið skilgreind sem öruggar venjur og margar grunnlínur líka mældar í 100%. Skipting milli ára er að 219 venjur náðust 2012 og 73 í ár. Það hefur tekið frá 21 degi til 11 mánaða að ná 100% árangri í 21 dag. Að meðaltali hefur það tekið 37 daga að ná 100% árangri samfleytt í 21 dag.

Sudoku

| ERFIÐ | | | MIÐLUNGS | | | AUGVELD | | | AFBRIGÐILEG :) | | | | | | | | | | | |
|-------|---|---|----------|---|---|---------|---|---|----------------|---|---|---|--|---|---|--|--|---|---|---|
| 1 | | | 2 | 9 | | 5 | | | 2 | | 9 | 8 | | | 9 | | | | | 6 |
| | 3 | | | 1 | 2 | 6 | | 9 | | 7 | 2 | | | 4 | 6 | | | | | 9 |
| | | 4 | | | | 5 | | 8 | | | 4 | | | | | | | | | |
| | 8 | | | | 5 | 8 | | 5 | | 9 | | | | | | | | | | |
| 2 | | | | 5 | 7 | | 6 | 1 | | 3 | 8 | | | | | | | 2 | | 5 |
| 3 | | | | 4 | 6 | | 2 | 4 | | | 1 | | | | | | | 9 | 4 | |
| | | | | | | | 1 | | | 2 | | | | | | | | 5 | | |
| | 9 | 8 | | | 3 | 9 | 7 | | | 4 | 5 | | | | | | | | | |
| | 5 | 7 | | | 8 | 4 | | | | 1 | 2 | | | | | | | 1 | | 6 |
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | 6 | | 9 |
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | 6 | | 1 |
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 8 |

FJÖLSKYLDU- DAGUR

LAUGARDAGINN 25. MAÍ FRÁ 13.00 - 16.00

höldum við Fjölskyldudaginn hátíðlegan og fögnum því sérstaklega að Norðurál er orðið að unglingi, 15 ára gamalt.

Dagskráin er stórbrotin og eitthvað á boðstólum fyrir alla. Veitingarnar verða héðan og þaðan úr heiminum og fram koma einhverjir bestu skemmtikraftar landsins!

ÞAÐ SEM BOÐIÐ VERÐUR UPP Á

— HREIMUR OG HREIMSBORGARARNIR
— JÓI G. OG GÓI VERÐA KYNNAR DAGSINS
— ÍBÚAR LATABÆJAR STÍGA Á STOKK
— SOLLA OG ÍÞRÓTTAÁLFURINN
— KAFFIBRÚSAKARLARNIR FARA Á KOSTUM
— INGA MARÍA OG SILLA RÚN
— KRISTINN GAUTI TÖFRAMAÐUR
— SIRKUS ÍSLANDS
— VETTVANGSFERÐIR UM VINNUSVÆÐIÐ
— LISTATJALD FYRIR BÖRNIN
— ANDLITSMÁLUN
— BLÖÐRUFÓLK SÝNIR LISTIR SÍNAR
— HOPPUKASTALAR
— HESTAFERÐIR FYRIR BÖRNIN
— VÍTASPYRNUKEPPNI – KEMSTU FRAM HJÁ
— MARKMÖNNUM ÍÁ?
— KLIFURTURN FYRIR ALLA ALDURSHÓPA
— FRAMANDI JAFNT SEM KUNNUGLEGAR
— VEITINGAR, STÆRÐARINNAR AFMÆLISKAKA
— OG KAFFI

NORÐURÁL 15 ÁRA!



RÚTUFERÐIR

REYKJAVÍK Lagt af stað frá Hlemmi kl. 12.00. Stöðvað við Kringluna og í Mosfellsbæ áður en haldið er til Norðuráls. Ein ferð frá Norðuráli þegar hátíðinni lýkur.

AKRANES Lagt af stað kl. 12.00. Ferðir til og frá Akranesi á hálf tímafresti þar til hátíðinni lýkur.

BORGARNES Lagt af stað frá Hyrnunni kl. 13.30 til Norðuráls. Ein ferð frá Norðuráli þegar hátíðinni lýkur.

NA

NORÐURÁL